

## Guðmundur Jónsson vinnumaður í Sauðanesi 1802-1803<sup>1</sup>

Anno 1802, þann 2. júlí, vorum við undirskrifaðir komnir að Sauðanesi á Ásum til að yfirlíta sterfbú vinnumannsins sem var Guðmundar sál. Jónsson, hvör eð sálaðist þann 24. apríl næstliðinn. Er svo þessum fjármunum fram vísað af hans eftirlifandi ekkju, Halldóru Sigurðardóttir, sem eftir fylgir:

	Rd.	Sk.
Í bókum		
Rostoks postilla og Grallari	1	
Sjóorðabók, Eintal [sálarinnar] og Þórðarbæni		22
Kverskræða út af Faðir vori		7
Krossskólasálmar		5
Iðrunarsálmar		9
Í fatnaði		
Mussa og buxur af smá vaðmáli nýleg og vel tilbúin, með vænum metals hnöppum	2	48
Blá peysa vel tilbúin með 24 silfurhnöppum	3	32
Blár brjóstadúkur með 18 metals hnöppum	1	24
Blá peysa með messings hnöppum		54
Blá peysa og bolur, fornt		68
Mussa og buxur, bættar		14
Blár bolur með beintölum		48
Skyrta og nærbuxur, fornt		64
Tvennar nærbuxur hvítar		54
Skyrta ennú		34
Mórauðir sokkar		18
Ditto hvítir		16
Ditto fornir, svartir að lit		13
Tvennir sokkar mórauðir		16
Ditto, ditto		14
Tvennir vettlingar hvítir		16
Tvenn leggjabönd, önnur með ólum <sup>2</sup>		27
Ljósbláir vettlingar		7
Ditto svartir		8
Tvennir kögursmokkar		24
Sokkabönd væn		20
Bláir vettlingar		10
Blátt prjóna kjálkaskjól		18
Hattur nýlegur, þó grófur <sup>3</sup>		64
Ditto lakari		5
Blátt pils af klæði, fornt		68
Svinta blá		36
Kvenhempa með flossaum	1	40
Blá svinta með silfurhnappi	1	
Treyja af vaðmáli með einskeptu ermun		34

<sup>1</sup> Þí. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu ED2/49. Skiptaskjöl 1795-1802 (nr. 275 skv. skrá Más Jónssonar).

<sup>2</sup> Óljóst.

<sup>3</sup> Á e.t.v. að lesa „græfur,“ er óljóst.

Kvenkot grænt með tinmyllum		27	
Fjórir kvenkragar	1		
Bláleitur klútur með silkirósum		48	
Silkiklútur með grænum teinum	1	6	
Annar með skáborðum <sup>4</sup> og grænum bekkjum			68
Damasks hálssilki		28	
Klútur með grænum teinum		54	
Blár klútur		54	
Rauður og hvítur klútur		16	
Rauðleitur dropaklútur		40	
Blá og hvít klútfiða		8	
Rauðþrykkt klútfiða		6	
Ennú klútur með teinum		18	
Traf og skauthúa		20	
Hálsskyrta lítil		8	
4 alin af 9 marka klæði	6		
Blár dúkur og skallat <sup>5</sup>	84		
Fjórir partar bláir í pils		80	
Stykkabelti af prins metal með 10 stokkum		45	
Blátt pils af klæði	1	24	
Rauðir sokkar		22	
Tvö letur <sup>6</sup> styttubönd		36	
Í kistum og ílátum			
Vættarkista skrálæst	1		
Önnur kista læst	1	16	
Vættarkista ólæst		45	
Stokkur með hjörum		5	
Í reiðskap			
Hnakkur og sessa	1	12	
Beisli og karlmannaístöð, þófaól	1	80	
Beisli ennú		36	
Kvenþófi		80	
Beisli		32	
Tvennar koparhringju gjarðir		48	
Blómstursaums sessa		80	
Þófaól og kvenístöð		36	
Í búsgagni og aðskiljanlegu			
Tunnusár nýr	1	24	
Lagartunna, tveggja tunnu sár, strokkur, fata og kolla	3	18	
Tvær fjórðungs kollur		36	
Tveggja fjórðunga pottur	2		
Tvö trog matheld		27	
Lítil fata		4	

<sup>4</sup> Gæti átt að lesast „skáborðum.“

<sup>5</sup> Ritað svo.

<sup>6</sup> Stendur svo.

Einn klifberi, þrenn bandreipi		44
Fjögur kaðalreiptögl, ný		18
Þrjár háftunnur		16
Þrír strigapokar		48
Ein alin striga		10
Tóbaksponta		9
Tveir hefilstokkar		10
Þrír rakhnífar		18
Tinkanna, nýleg	1	
Tindiskur		24
Eitt pund brotatin		16
Skarexi og járnbitur		32
Steðji gamall með lélegu slagi		54
Lóð og steðjafótur og hamar		68
Tvö hál[f]sdals tré	1	
Tvær júfertur	1	
Tólf pör sokka, 9 sk. parið	1	12
Fjögur pör vettlinga		16
Tíu pund hvít ull		80
Fimmtán pund tólg	1	39
44 rd. banco	44	
8 rd. i courante	8	

#### Í fríðu

28 ær ungar og gamlar, 1 rd. hvör		28
5 sauðir þrevetra, 2 rd. hvör		10
5 sauðir yngri	7	48
Jarpsokkóttur hestur	5	
Rauðskjóttur hestur	5	
Vindóttur færleikur	4	
Summa summarum	173	75

Hér næst var aðspurt hvort fleiri fjármunir tilheyrðu þessu sterbúi. Þar til svarar ekkjan að það hún muni til sé allt búið að skrifa utan rúm og rúmfatnað. Presturinn, sr. Rafn Jónsson á Hjaltabakka, var viðstaddur við þessa uppskrift og hefur beðið uppskriftarmennina að áfella ekki ekkjuna, þar til uppástendur presturinn að rúm og rúmfatnaður sé ekki virt eður uppskrifað.

Þar næst var aðspurt hvort þetta sterbú ætti nokkuð hjá öðrum. Til þess var svarað: Ekkert sem um munaði.

Þar næst var aðspurt hvörjar skuldir þetta sterbú ætti að gjalda. Var þá fyrst fram talið morgungáfa 16 rd. Þar næst útfararkostnaður sem sagt var að hlaupið hefði upp á 10 rd. courant. Þar til þinggjald til herra sýslumanns í vor. Til uppskriftarmanna eftir herra sýslumannsins ályktan.

Rétt uppskrifað, degi síðar en upphaflega greinir, vitna:

Erlendur Guðmundsson, Jón Gíslason

Erfingjar þessa sterbús er ekkjan, Halldóra Sigurðardóttir, og eitt barn rúmlega misseris gamalt sem heitir Helgi Guðmundsson. Fjárhal[d]smenn þessa barns er Jón Jónsson í

Holti á Ásum sem er afi þess; Guðmundur Árnason í Saurbæ í Vatnsdal og Jón Jónsson<sup>7</sup>  
bóndi í Ási í fyrrnefndum dal.

Vitnar,  
Erlendur Guðmundsson

### Guðmundur Jónsson vinnumaður í Sauðanesi 1803<sup>8</sup>

Anno 1803, þann 4. apríl setti sýslumaður, W.F. Krog, skiptarétt á Skagaströnd með tveimur skiptavottum, Pétri Oddssyni og Jóni Benjamínssyni, til að skipta og deila föllnu sterbúi Guðmundar sál. Jónssonar vinnumanns að Sauðanesi á Ásum millum hans eftirlifandi ekkju, Halldóru Sigurðardóttur, og þeirra ektaborins einkasonar, Helga Guðmundssonar, þriggja missera gamals. Hefur þetta sterbú verið registrerað og virt af hreppstjóra í Torfalækjarhrepp þann 2. júlí í fyrra, en dauðsfall mannsins skeði þann 24. apríl s.á.

Upphæð sterbúsins, eður þess massa er eftir áminnstri registrations forretting 173 rd., 75 [sk.] en þær yfirlýstu og nú anteknu skuldir sem fylgir:

- A) Útfararkostnaður ekkjunnar upp á 10 rd.
- B) Hennar morgungjöf 16 rd.
- C) Til uppskriftarmanna fyrir registration og vurdering 64 sk. og
- D) Til sýslumannsins skiftisalarium, fyrir beskrivelse og forsigling, samt skiptavotta laun og þegnskyldu resteranze; í allt 4 rd. 19 sk.

	Rd.	Sk.
Var þá útlagt í útfararkostnað ekkjunnar:		
Tveggja fjórðunga pottur 2 rd.; 4 pör vettlinga 16 sk.	2	16
12 pör sokka 1 rd., 12 sk.; tvö hálfadalstré 1 rd.; tvær jufferter 1 rd.	3	12
10 pund hvít ull 80 sk.; 15 pund tólgar 1 rd., 39 sk.; í peningum 2 rd. 45 sk.	4	68
Dito í ekkjunnar morgungjöf:		
Rostoks postilla og grallari 1 rd.; kvenhempa með flossaum 1 rd., 40 sk.	2	40
Blá svinta með silfurhnapp 1 rd.; silkiklútur með grænum teinum 1 rd., 6 sk.	2	6
4 álnir af 9 marka klæði 6 rd.; blátt pils af klæði 1 rd., 24 sk.	7	24
Vættarkista skrálæst 1 rd.; tinkanna nýleg 1 rd.; tunnusár nýr [1 rd., 24 sk.]	3	24
Í peningum	<u>1</u>	<u>2</u>
[Samanlagt]:	16	
Dito til uppskriftar- og virðingarmanna, í peningum		64
Dito til sýslumannsins skiptasalarium etc. sem hér að framan er nafngreint, í allt í peningum	4	19

Þegar nú þessar hér útlögðu skuldir, sem hlaupa til 30 rd., 83 sk., dragast frá sterbúsins anfærða massa, nefnilega 173 rd., 75 sk., þá verður afgangs 142 rd., 88 sk., sem kemur til helmingaskipta millum ekkju Guðmundar sáluga Jónssonar, Halldóru Sigurðardóttur, og þeirra einkasonar, Helga Guðmundssonar. Verður nú hvert lóð fyrir sig 71 rd., 44 sk.

Ekkjunnar helmingur útleggst svoleiðis  
7orðabók, Eintal [sálarinnar] og Þórðarbænir 22 sk.; Krossskólasálmar 5 sk.;  
blá svinta 36 sk.

63

<sup>7</sup> Jón var kvæntur Ingibjörgu Sigurðardóttur, systur Halldóru.

<sup>8</sup> Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu ED1/1. Skiptabók 1792-1806.

Treyja af vaðmáli með einskeptu ermum 34 sk.; grænt kvenkot með tinmillum 27 sk.		61
Fjórir kvenkragar 1 rd.; bláleitir klútur með silkirósum 48 sk.	1	48
Silkiklútur með skákborðum og grænum bekkjum 68 sk.; damasts hálssilki 28 sk.	1	
Klútur með grænum teinum 54 sk.; blár klútur 54 sk.; rauður og hvítur dito 16 sk.	1	28
Rauðleitur dropaklútur 40 sk.; blá og hvít klútfiða 8 sk.; rauðþrykkt dito 6 sk.		54
Enn nú klútur með teinum 18 sk.; traf og skauthúfa 20 sk.; hálsskyrta lítil [8 sk.]		46
Blár dúkur og skallat 64 sk.; fjórir partar bláir í pils 80 sk.; rauðir sokkar 22 sk.	1	70
Stokkabelti af prinsmetal með 10 stökkum 45 sk.; tvö letur stytubönd 36 sk.		81
Ólæst vættarkista 45 sk.; stokkur með hjörum 5 sk.; eitt beisli 36 sk.; kvenpófi 89 sk.; beisli ennú 32 sk.	2	6
Þófaól og kvenístöð 36 sk.; blómstursaums sessa 80 sk.	1	20
Lagartunna, tveggja tunnu sár, strokkur, fata og kolla, 3 rd. 18 sk.; tvær fjórðungs kollur 36 sk.	3	54
Tvö trog matheld 27 sk.; lítil fata 4 sk.; einn klifberi og þrenn bandreipi 41 sk.		72
Fjögur kaðalreiptögl ný 18 sk.; þrjár háltunnur 16 sk.		34
Þrír strigapokar 48 sk.; 1 alin striga 10 sk.; tóbaksponta 9 sk.; tveir hefilstokkar 10 sk.		77
Þrír rakhnífar 18 sk.; tindiskur 24 sk.; 1 pund brotatin 16 sk.		58
Skaröxi og járnbitar 32 sk.; steðji gamall með lélegu slagi 54 sk.		86
Lóð, steðjafótur og hamar 68 sk.; 14 ær ungar og gamlar 14 rd.	14	68
5 sauðir yngri en þrevetrir 7 rd., 48 sk.; jarpskjóttur hestur 5 rd.	12	48
Vindóttur færleikur 4 rd.; í peningum 20 rd., 58 sk.	24	58
Blátt pils af klæði, fornt 68 sk.		68
[Samanlagt]:	71	44

### Lóðseðill Helga litla Guðmundssonar

Iðrunarsálmar 9 sk.; kverskræða út af Faðir vor 7 sk.		16
14 ær ungar og gamlar 14 rd.; 5 sauðir þrevetrir 10 rd.; rauðskjóttur hestur 5 rd.	29	
Mussa og buxur af vaðmáli, nýlegt og vel tilbúið, með vænum metalhnöppum	2	48
Blá peysa vel tilbúin, með 24 silfurhnöppum, 3 rd., 32 sk.; blár brjóstadúkur með 16 <sup>9</sup> metals hnöppum 1 rd., 24 sk.	4	56
Blá peysa með messingshnöppum 54 sk.; blá peysa og bolur fornt 68 sk.	1	26
Mussa og buxur af vaðmáli 1 rd.; vaðmálsbuxur bættar 14 sk.	1	30
Blár bolur með beintölum 48 sk.; skyrta og nærbuxur fornt, 64 sk.	1	16
Tvennar nærbuxur hvítar, 54 sk.; skyrta ennú 34 sk.; mórauðir sokkar 18 sk.	1	10
Hvítar sokkar 16 sk.; dito svartir, fornir 13 sk.		29
Tvennir sokkar mórauðir 16 sk.; dito dito 14 sk.; tvennir vettlingar hvítir 16 sk.		46
Tvenn leggjabönd, önnur með ásum <sup>10</sup> 27 sk.; ljósbláir vettlingar 7 sk.		34

<sup>9</sup> Það stendur „18“ í uppskrift búsins frá 2. júní 1802 (hér að framan).

<sup>10</sup> Stendur svo.

Svartir vettlingar 8 sk.; tvennir kögursmokkar 24 sk.		32
Sokkabönd væn, 20 sk.; bláir vettlingar 10 sk., hattur nýlegur 64 sk.		94
Blátt þrjónakjálkaskjól 18 sk.; enn hattur lakari en hinn 5 sk.		23
Læst kista 1 rd., 16 sk.; hnakkur og sessa 1 rd., 12 sk.	2	28
Tvennar koparhringju gjarðir 48 sk.; í peningum 23 rd., 4 sk.	23	52
Beisli, karlmannsístöð og þófaól	<u>1</u>	<u>80</u>
[Samanlagt]:	71	44

Verður nú sterbúsins útgiftarsumma í samstemmu við þess hér að framan anfærðu messam 173 rd., 75 sk.

Ekkjan, Halldóra Sigurðardóttir, velur sér í laganna leyfi þann til lögværgis henni líkar en Helga litla Guðmundssyni til formyndara útnefnist hér með og skikkast bóndinn Jón Jónsson eldri á Ási í Vatnsdal.

Eftir reskripti af 26. október 1792 tilskyldast ekkjan og hennar meðferingi bæði jafnt að fullnægja þeim antakanlegu skuldakröfum sem hér eftir, að skiptinu slúttuðu kynni upp á sterbúið lýst að verða og ei eru hér framfærðar eður tilsvað.

Slúttast svo þessi act með skiptaforvaltarans og útnefndra skiptavotta nöfnum.

Ut spura,

W. F. Krog, P. Ottesen, Jón Benjamínsson